

Stjórnarfundur Hrossaræktarfélags Hrunamanna 08.10.2017

Fundur féll niður síðasta miðvikudag þar sem Steini boðaði forföll og aftur á föstudag þegar Siggi boðaði forföll.

Fundurinn er haldinn heima hjá Guðríði og er boðaður kl 20:30. Steini er mættur í tíma Siggi mætti seinna.

Mál til umræðu: Folaldasýning og Vísindaferð. Reglur varðandi kynbótahross og ræktunarbú. Stóðhestar 2018.

Folaldasýningin:

Siggi bendir á að hefð hafi skapast að hún sé haldin fyrstu helgina í November og folaldasýningin verður þá sunnudaginn 5.nov kl 14:00.

Skráning fyrir miðnætti á föstudag – krafa um að folöldin séu skráð í Worldfeng Tala við landstólpa, fóðurlönduna, jötunnvélar og dýralæknamiðstöðina varðandi verðlaun.

Siggi ætlar að heyra Gústa í Kirkjubæ hvort hann sé til að koma og dæma og kanski taki einhvern með sér.

Steini á verðlainagripum sem nýttust ekki í fyrra, það þarf bara að skipta um platta á þeim.

Vísindaferð:

Geima hana þar til eftir áramót og fara laugardaginn 13. Janúar. Auglýsa dagsetninguna á heimasíðu félagsins og á facebook síðunni svo að folk geti tekið daginn frá.

Lög og Reglur félagsins:

Ræktunarreglurnar. Þar er ýmislegt sem þarf að skoða. Siggi þarf að ná reglunum úr gamalli borðtölvu frá sér. Þetta verður skoðað betur á næsta fundi svo hægt sé að bera breytingar undir meðlimi félagsins á aðalfundi.

Stóðhestar:

Fyrsta val verður Trymbill frá Stóra-Ási, Siggi ætlar að tala við Gísla á morgun.